

1114. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. maí 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestir: Halldóra Skúladóttir og Haraldur Gunnarsson frá VÍB (Eignastýringasvið Íslandsbanka)

Dagskrá:

1. Fundargerð 1113. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1113. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk fór yfir stöðuna í samningamálum. Samninganefnd VR hittist á fundi þann 28.04 s.l. þar sem farið var yfir stöðu mála, ákveðið að vinna frekar að okkar hugmyndum og taka saman gögn. Viðar Ingason, hagfræðingur VR, hefur aðstoðað við þá vinnu t.d. hvað varðar verðbólguþætti. Ljóst er að kennarar eru að fara að fá meiri hækkningar en við sömdum um. Skýringar um að í því felist samhliða meira vinnuframlag virðast ekki halda vatni. Einnig er ljóst að frumvarp um lög á verkfall flugmanna verður tekið fyrir á Alþingi á morgun. Við fylgjumst með öllum breytingum á vísitölum en hætta er á að verðbólga verði yfir markmiðum í mælingum í júlí n.k.

Ólafía Björk ræddi einnig húsnæðisskýrslu Reykjavíkurborgar og hvatti hún fundarmenn til að kynna sér innihald hennar en við munum fá nánari kynningu á þessari skýrslu síðar. Ræddi hún einnig Evrópuskýrsluna sem hún hvatti menn einnig að skoða.

Fyrir lok október verður endurskoðuð staðan hjá samningsaðilum og viðræður um launaliði hefjast í byrjun árs 2015, en samninganefnd verður kölluð saman ef eitthvað gerist.

Undir þessum dagskrárlið hvatti Ólafía Björk fundarmenn að mæta á hátíðina Fyrirtæki ársins þann 22. maí n.k. og ræddi könnunina lauslega. Í framhaldi þessa verður svo haldinn morgunverðarfundur og svo sérstök vinnustofa í umsjón Capacent í framhaldi af þeim fundi.

Umræður.

3. Fjárfestingastefna VR – endurskoðun

Á fundinn gengu nú gestir fundarins þau Halldóra Skúladóttir og Haraldur Gunnarsson frá VÍB (Eignastýringasvið Íslandsbanka) til að fara yfir eignasafnið og fjárfestingastefnuna með áherslu á helstu breytur í efnahagsumhverfinu sem hafa áhrif á eignasafnið. Lögðu þau fram skjalið „*Kynning fyrir VR*“ dags. maí 2014 en það var endurprentun á þeim glærum sem þau fóru yfir á skjá.

Í máli þeirra kom m.a. fram að margt hafi breyst í fjármálaheiminum síðan að þau komu hér síðast með svipaða kynningu árið 2011. Haraldur fór nú yfir eignasafnið sem alls er um 3.1 milljarður kr. að verðgildi í dag. Uppbygging safnsins er mjög svipuð og hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Stærstu þættir eru ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.

Þess er gætt að fara aldrei út fyrir vikmörk fjárfestingastefnunnar en misjafnt er hvernig svigrúm stefnunnar er nýtt hverju sinni. Þetta er varfærin fjárfestingastefna þar sem reynt er að draga úr áhættu.

Næstu fóru þau yfir helstu áhrifaþætti á eignasöfn en það er helst verðbólgan, gengi íslensku krónunnar og svo stýrivextir sem hafa mestu áhrifin. Einnig hefur áhrif þróun á gengi erlendra skuldabréfa og þróun á gengi íslenskra hlutabréfa. Haraldur fór nú nokkuð nákvæmlega yfir áhrif verðbólgu á eignasafnið en miklar sveiflur hafa verið á verðbólgu á Íslandi síðasta áratuginn. Greiningaraðilar eru þó bjartsýnir á að verðbólguþröngun Seðlabanka Íslands verði náð í lok ársins.

Umræður.

Næst fóru þau Haraldur og Halldóra yfir þróun á gengi íslensku krónunnar og áhrif þess á eignasafnið. Krónan hefur sveiflast mikið til og hefur það mikil áhrif á skuldabréfin. Gengi krónunnar hefur einnig áhrif á verðbólgu svo þetta helst allt saman í hendur með áhrifin á skuldabréfin.

Umræður.

Þá var næst farið yfir áhrif stýrivaxta á eignasafn VR og svo ávöxtun safnsins.

Umræður.

Farið var yfir horfur á mörkuðum. Bjartsýni er á ágæta ávöxtun á hlutabréfamörkuðum út árið.

Núverandi fjárfestingastefna rædd en hún er þessi:

Fjárfestingarkostur	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0%	25%
Skbr með ábyrgð ríkis	79%	50%	100%
Skbr bæjar- og sveitafélaga	1%	0%	7%
Skbr banka, sparisj. og annarra lánastofnana	1%	0%	5%
Fasteignaveðtryggð skbr.	0%	0%	3%
Hlutabréf	17%	0%	40%
Önnur verðbréf	2%	0%	15%
Hlutabréf:	17%	0%	40%
Innlend hlutabréf	2%	0%	10%
Erlend hlutabréf	15%	3%	35%
Önnur verðbréf:	2%	0%	15%
Skbr. fyrirtækja	0%	0%	5%
Erlend skbr.	2%	0%	10%
Aðrar fjárfestingar	0%	0%	2%

Þá var rætt um möguleika þess að gera breytingar á fjárfestingastefnu VR. Spurning sé hvort ætti að skoða það að hækka vægi innlendra hlutabréfa á móti erlendum skuldabréfum. Eða fara meira í önnur skuldabréf en ríkisskuldabréfin. Í þessum efnum haldast í hendur áhætta og ávöxtun svo þetta er alltaf spurning. Hvað sem gert yrði þá værum við aldrei að fara að stilla upp áhættusamri stefnu – þetta eru ekki stórvægilegar breytingar ef gerðar yrðu. Lagt fram til umhugsunar.

Umræður.

Að umræðum og fyrirspurnum loknum var þeim Halldóru og Haraldi þakkað fyrir áhugaverða kynningu og vöku þau næst af fundi kl. 20:00.

4. 3 mánaða uppgjör VR

Stefán lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur VR jan – mars 2014*“ og fór yfir helstu atriði þess á glærum. Í máli hans kom m.a. fram að tekjur séu hærri en í fyrra. Aukning iðgjaldatekna er 8.37% og er það bæði vegna hækkunar launa og fjölgunar félagsmanna. Gjöld eru 560 milljónir kr. sem er lækkun um 44 milljónir kr. og er það undir áætlun.

Rekstrartekjur umfram gjöld eru 119 milljónir kr.

Ávöxtun var neikvæð á fyrstu 3 mánuðunum en orðin jákvæð í dag. Litlar breytingar hafa orðið á efnahagsreikningi frá því um áramót.

Umræður.

Ragnar Þór véc hér næst af fundi kl. 20:15

Stefán sagði frá því að sala á gjafabréfum flugfélaga væri meiri en áætlað hafði verið. Bætur og styrkir eru 20 milljónir kr. undir áætlun og er það helst vegna þess að greiddir sjúkradagpeningar eru mun lægri en áætlað hafði verið. Útbreiðslu- og félagsmál eru undir áætlun vegna minni auglýsinga en að kostnaður við kosningar hefði verið hærri en áætlað var. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er einnig undir áætlun vegna þess að áætluðum ráðningum hafi seinkað og að minni launahækkningar hefðu orðið en áætlun gerði ráð fyrir.

Umræður.

5. Staðan á Jafnlaunavottunarverkefninu

Ólafía Björk fór yfir stöðuna. Margir aðilar eru í kynningarferlinu en einnig hafi einhverjir hætt við að fara í vottun. Búið er að samþykkja hjá hinu opinbera breytingu sem hleypir að fleirum vottunaraðilum. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa verða með vottun á 3. stigi en ekki hafa þessar breytingar enn verið samþykktar sem lög.

Við munum auglýsa vottunina kringum 19. júní og vera þá með einhverjar úthringingar en förum svo af fullum krafti í þetta í haust.

Umræður.

6. Kaup á atvinnuhúsnæði

Stefán ræddi áður samþykkt kaup á atvinnuhúsnæði en við misstum af því húsnæði sem við vildum fá þar sem annar aðili bauð betur en okkar tilboð. Skoðum þetta áfram.

7. Kaup á tölvubúnaði

Stefán lagði fram skjölin „Minnisblað – Fjárfesting í tölvubúnaði“ dags. 9. maí 2014 og „Yfirlit yfir tölvukerfi í rekstri hjá VR“ dags. 5. maí 2014, og fór yfir efni þeirra.

Óskað er eftir heimild til að fjárfesta í tölvubúnaði fyrir 5 – 8 milljónir króna. Það er viðbót við þá fjárfestingaáætlun sem samþykkt hafði verið á desember fundi stjórnar árið 2013. Samkvæmt úttekt er það hagkvæmara að VR eigi og reki sinn eigin búnað heldur en að úthýsa því.

Umræður.

Ólafía Björk bar þá upp til atkvæða tillögu um þessa heimild til kaupa á tölvubúnaði fyrir 5 – 8 milljónir króna.

Samþykkt samhljóða.



8. Dagskrá vinnufundar stjórnar dagana 23. – 24. maí 2014 og verkefni stjórnarmanna

Ólafía Björk fór yfir dagskrána á glærum en skjalið er komið á stjórnarvefinn. Verður fundurinn haldinn í Víkinni Sjóminjasafni Reykjavíkur að Grandagarði 8. Fyrri daginn verður m.a. farið yfir samskiptagildasamninginn og hópurinn skilgreinir samskiptareglur sem fylgja á eftir. Síðan vinnureglur stjórnar og kjaramál. Seinni dagurinn hefst á kynningum sviða og þá næst kynningar á sjóðum og nefndum VR auk LIVE. Loks verður samantekt og farið í niðurstöður vinnufundar vegna ASÍ.

Fundi var slitið kl. 21:30
Árni Leósson fundarritari